



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginleg ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Sameiginlegar reglur um skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna



Sameiginlegar reglur um skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna á höfuðborgarsvæðinu

Eftirfarandi sameiginlegar reglur um skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna grundvallast á samkomulagi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlega ferðaðþjónustu fatlaðs fólks dags. 19. maí 2014.

Reglurnar mynda sameiginlegan grunn en sveitarfélögunum er heimilt að setja sértækar reglur, gangi þær ekki gegn sameiginlegu reglunum.

Reglur þessar eru settar samkvæmt reglugerð nr. 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla en í 7. gr. segir *Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða skólaakstur eiga rétt á ferðaðþjónustu til og frá skóla skv. 1. mgr. 35. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum*. Einnig er stuðst við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaðþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

1. Notendur þjónustunnar

Skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna er ætlaður þeim nemendum sem sökum fötlunar sinnar geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða almennan skólaakstur til að sækja heimaskóla sinn eða sækja skóla utan skólahverfis síns vegna sérþarfa í námi.

2. Umsóknir

Foreldrar/forráðamenn í samvinnu við stjórnendur viðkomandi skóla senda beiðni um skólaakstur til lögheimilissveitarfélags nemandans. Lögheimilissveitarfélagið tekur ákvörðun um afgreiðslu og sendir staðfestingu til foreldra/forráðamanns og Strætó bs., sem skráir nemandann í aksturskerfið. Strætó bs. skipuleggur akstur nemandans í samvinnu við foreldra/forráðamann og skólastjórnendur á grundvelli þessara reglna og þjónustulýsingar.

3. Upplýsingaöflun og samvinna

Aðstæður nemanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni hefur borist. Meðferð beiðna, öflun gagna og upplýsinga og ákvarðanatöku fer fram í samvinnu og samráði við foreldra/forráðamann nemanda.

4. Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu svo fljótt sem unnt er. Sé beiðni hafnað í heild eða að hluta skulu foreldrar/forráðamaður fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur foreldra/forráðamanns til að fara fram á að ákvörðun verði endurskoðuð innan sveitarfélagsins. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að foreldrum/forráðamanni barst vitneskja um ákvörðun. Ákvörðun sveitarfélagsins skal kynnt foreldrum/forráðamanni skriflega.

5. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt hjá sveitarfélagi með tryggilegum hætti. Foreldrar/forráðamaður eiga rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál nemandans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Hafi starfsmenn sveitarfélags eða akstursverktaka kynnst einkahögum foreldra/forráðamanns, nemanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Ökumenn og aðrir starfsmenn skólaaksturs fatlaðra grunnskólanema skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

6. Þjónustutími

Þjónustutími miðast við starfstíma grunnskóla á veturna og starfssemi frístundaheimila á sumrin til og með 10. bekk.

7. Réttur til þjónustu utan skólatíma

Varðandi rétt til þjónustu utan skólatíma er vísað til almennra reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks á vegum félagþjónustu sveitarfélaganna.

8. Skráning/afpantanir

Fyrir upphaf hvers skólaárs skal lögheimilissveitarfélag senda lista um þá nemendur sem hafa rétt á skólaakstri til Strætó bs. Bókanir á ferðum nemenda eða afpantanir eru á ábyrgð foreldra/forráðamanns. Ekki er heimilt að gera breytingar á ferðum nema í undantekningartilfellum í samráði við skólastjórnendur. Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klst. fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

9. Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá og til heimilis að skóla eða stofnun innan höfuðborgarsvæðisins. Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn nemandi ferðast að jafnaði saman.

Nemendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími nemanda skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma, **bílinn biður að jafnaði ekki lengur en 3 mínútur innan umsamins tíma.**

Við sérstakar aðstæður skal veita nemanda aðstoð við að komast í/úr bíl og að tryggt sé af öllum aðilum að tekið sé á móti nemanda á áfangastað nema annað sé tekið fram.

Sé nemandi ítrekað ekki tilbúin eða ekki tekið á móti honum á áfangastað á umsömdum tíma ber að tilkynna slíkt til lögheimilissveitarfélags. Ítrekaðar vanefndir geta leitt til tímabundinnar uppsagnar á skólaakstri.

Skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna er sérhæfð þjónusta og þurfa nemendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

10. Aðstoðarmenn

Geti nemandi ekki ferðast með öðrum án fylgdarmanns að mati bílstjóra eða skólastjórnenda og að fengnu samþykki lögheimilissveitarfélags, þar sem slíkt sé ekki talið forsvaranlegt gagnvart öðrum eða öryggi nemandans, þá sé næsti kostur að hafa nemandann einann í bíl án fylgdar. Lokaúrræðið er að hafa nemandann einan með fylgd, en slíkt er óhemju kostnaðarsamt.

Að jafnaði skulu aðstoðarmenn vera starfsmenn skóla eða frístundastarfs.

Kostnaður vegna aðstoðarmanna fellur á lögheimilissveitarfélag nemandans.

11. Um meðferð ágreiningsmála

Um meðferð ágreiningsmála er vísað til reglugerðar um skólaakstur í grunnskólum nr. 656/2009 þar sem segir;

„Telji foreldri einhverju áfátt í fyrirkomlagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttingar hjá sveitarstjórn eða hlutaðeigandi skólastjóra.“

12. Gjald og þjónustusvæði

Ekki er greitt fargjald vegna skólaaksturs grunnskólabarna. Þjónustusvæði sameiginlegs skólaaksturs fatlaðra grunnskólabarna á höfuðborgarsvæðinu er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

13. Öryggi

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að skólaakstri fatlaðra grunnskólanema skulu uppfylla ákvæði laga, reglugerða og leiðbeininga velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.

Ökumaður sem sinnir skólaakstri skal hafa til þess aukin ökuréttindi, hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla og leggja fram sérstakt sakavottorð við umsókn sína.

Ökumaður þarf einnig að sitja námskeið um þjónustu við fatlaða nemendur, þannig að hann sé vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum nemendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðaþjónustu sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennrar hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

14. Málsmeðferð

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

15. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn skólaþjónustu eða annara sviða sem hafa með skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna hvers sveitarfélags að gera, taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sveitarfélaganna. Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til viðkomandi sveitarfélags.

16. Gildistaka

Samkomulag þetta og síðari breytingar á því skulu lagðar fyrir sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að því og tekur það gildi þegar allar hlutaðeigandi sveitarstjórnir hafa samþykkt það.

Kópavogi, xx. október 2016

Fh. Hafnarfjarðar

Fh. Kópavogsbæjar

Fh. Seltjarnarnesbæjar

Fh. Garðabæjar

Fh. Reykjavíkurborgar

Fh. Mosfellsbæjar

Sameiginleg ferðapjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu Þjónustulýsing

Viðauki vegna skólaaksturs fatlaðra grunnskólabarna

1. Inngangur

Eftirfarandi viðaukar eru viðbætur við viðkomandi kafla í sameiginlegum reglum um akstur fatlaðra grunnskólabarna eftir því sem við á. (eða hvað?)

Kópavogsbær nýtir sameiginlegan skólaakstur fatlaðra barna í Klettaskóla.

Skólaþjónusta hvers sveitarfélags ber ábyrgð á og ákveður hverjum skuli heimilt að nýta skólaaksturinn. Utan starfstíma skóla gilda reglur félagsþjónustunnar um ferðapjónustu fatlaðs fólks einnig fyrir fatlaða grunnskólanemendur.

1.1 Skilgreining hugtaka

Skólaakstur:

Átt er við skipulagðann sameiginlegan akstur grunnskólabarna í og úr skóla á fyrirfram ákveðnum tíma á morgnana þannig að nemendur séu mættir í skólann á tilsettum tíma og heim síðdegis þegar skóla lýkur.

Skólaþjónusta: Átt er við þjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, Fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar, Fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, Menntasviðs Kópavogs, Fræðslusviðs Mosfellsbæjar og Fræðslusviðs Seltjarnarness.

2.1 Skólaþjónusta sveitarfélaganna

Foreldrar/forráðamenn í samvinnu við stjórnendur viðkomandi skóla senda beiðni um skólaakstur til lögheimilissveitarfélags nemandans. Lögheimilissveitarfélagið tekur ákvörðun um afgreiðslu og sendir staðfestingu til foreldra/forráðamanns og Strætó bs., sem skráir nemandann í aksturskerfið. Strætó bs. skipuleggur akstur nemandans í samvinnu við foreldra/forráðamann og skólastjórnendur á grundvelli þessara reglna og þjónustulýsingar.

3.1.6 Pantanir og skráning reglubindinna ferða

Fyrir upphaf hvers skólaárs skal lögheimilissveitarfélag senda lista um þá nemendur sem hafa rétt á skólaakstri til Strætó bs. Bókanir á ferðum nemenda eða afpantanir eru á ábyrgð foreldra/forráðamanns.

Ekki er heimilt að gera breytingar á ferðum nema í undantekningartilfellum í samráði við skólastjórnendur. Afþöntun reglubundinna ferða skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klst. fyrirvara fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

3.1.7 Ferð og ferðatími

Nemendur eru sóttir á fyrirfram ákveðnum tíma á morgnana þannig að þeir séu mættir í skólann á tilsettum tíma. Meginreglan er að heimakstur úr hverjum skóla sé á sama tíma fyrir alla nemendur.

Kjósi foreldrar/forráðamaður að fá börn sín heim á öðrum tímum en umræddum aksturstímum skólaþjónustunnar annast þau það sjálf eða leiti eftir heimild félagsþjónustunnar til þess að nýta ferðapjónustu fatlaðs fólks

Nemendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími nemanda skal að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur frá umsömdum tíma, **bílinn bíður að jafnaði ekki lengur en 3 mínútur innan umsamins tíma.**

Við sérstakar aðstæður skal veita nemanda aðstoð við að komast í/úr bíl og að tryggt sé af öllum aðilum að tekið sé á móti nemanda á áfangastað nema annað sé tekið fram.

Sé nemandi ítrekað ekki tilbúin eða ekki tekið á móti honum á áfangastað á umsömdum tíma ber að tilkynna slíkt til lögheimilissveitarfélags. Ítrekaðar vanefndir geta leitt til tímabundinnar uppsagnar á skólaakstri.

Skólaakstur fatlaðra grunnskólabarna er sérhæfð þjónusta og þurfa nemendur því að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

3.1.8 Greiðslur farþega

Fargjald er ekki greitt í skólaakstri.

3.1.9 Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Geti nemandi ekki ferðast með öðrum án fylgdarmanns að mati bílstjóra eða skólastjórna og að fengnu samþykki lögheimilissveitarfélags, þar sem slíkt sé ekki talið forsvaranlegt gagnvart öðrum eða öryggi nemandans, þá sé næsti kostur að hafa nemandann einann í bíl án fylgdar. Lokaúrræðið er að hafa nemandann einan með fylgd, en slíkt er óhemju kostnaðarsamt.

Að jafnaði skulu aðstoðarmenn vera starfsmenn skóla eða frístundastarfs.

Kostnaður vegna aðstoðarmanna fellur á lögheimilissveitarfélag nemandans.

3.3.1 Ábendingar og kvartanir

Ábendingar foreldra/forráðamanns um þjónustuna sem berast til skólaþjónustu sveitarfélaganna skal senda í tölvupósti til Strætó bs.

Starfsmaður í þjónustuveri miðlar upplýsingum til skilgreindra aðila hjá skólaþjónustu hlutaðeigandi sveitarfélags.

3.3.3 Upplýsingagjöf

Starfsfólki skólaþjónustu hvers sveitarfélags um sig skal gert kleift að draga úr tölvukerfinu þær upplýsingar sem varða notendur þjónustunnar.

Strætó bs. sendir starfsmönnum skólaþjónustu sveitarfélaganna starfs- og rekstraryfirlit fyrir skólaaksturinn eigi síðar en í lok febrúar ár hvert.

3.3.5 Kennsla starfsfólks sveitarfélaganna í notkun hugbúnaðar

Starfsmenn Strætó bs. munu annast kennslu og þjálfun starfsfólks skólaþjónustu sveitarfélaganna í notkun hugbúnaðar aksturskerfisins.

3.3.6 Þjónustuhópur

Ekki er skipaður sérstakur samráðs- eða þjónustuhópur vegna skólaaksturs en fulltrúar Strætó bs. geta kallað saman fulltrúa skólaþjónustu sveitarfélaganna vegna einstakra mála eða ef tillögur eru um breytingar á framkvæmd skólaaksturs.

Einnig skal Strætó bs. kalla saman hópinn til samráðs ef fulltrúar eins eða fleiri sveitarfélaga óska þess.

4. Gildistaka

Framangreindir viðaukar við þjónustulýsingu eru nánari útlistun á þeirri umsýslu sem sveitarfélögin fela Strætó bs. með skólaakstri fatlaðra grunnskólabarna á höfuðborgarsvæðinu.

Tillögur að breytingum á þjónustulýsingu þessari skulu lagðar fyrir skólaþjónustur þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að henni og taka þær gildi þegar sveitarfélögin hafa samþykkt þær. Tillögur að breytingum skal leggja fyrir stjórn SSH séu þær þess eðlis.

Kópavogi, xx október 2016

Fh. Hafnarfjarðar

Fh. Kópavogsbæjar

Fh. Seltjarnarnesbæjar

Fh. Garðabæjar

Fh. Reykjavíkurborgar

Fh. Mosfellsbæjar
